

Borgarstjórn Reykjavíkur

3. mars 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á skólasameiningum með áherslu á samskipti og samráð við foreldra.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela óháðum aðila að vinna úttekt um sameiningarferli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila með tilliti til samþykktu Reykjavíkurborgar, stjórnsýslulaga og góðra stjórnarháttanna. Áhersla verði lögð á að skoða hvernig staðið var að samskiptum og samráði við foreldra þeirra nemenda, sem umrætt sameiningarferli náði til og gerð viðhorfskönnun meðal þeirra. Í úttektinni verði settar fram tillögur að úrbótum ef þörf krefur.